# ENSK1UP05
# Námsáætlun haust 2022



| Kennari | Karen Malmquist | Sk.st. | KMQ |
|---|---|---|---|

**Áfangalýsing:**
Áfanginn er skipulagður sem upprifjun á námsefni úr grunnskóla. Lesnir eru stuttir textar auk þess sem nemandinn er markvisst þjálfaður í hlustun. Lögð er áhersla á lestur texta og orðaforða úr daglega lífinu. Farið er í styttar skáldsögur og áhersla lögð á innihald textans. Farið er í grunnatriði þess að lesa milli lína og túlka texta. Notast er við hlustun í yfirferð hluta lestrarefnisins. Lögð eru fyrir stutt ritunarverkefni. Ritun er bæði tengd lesnum textum og reynslu úr daglegu lífi. Nemandinn er þjálfaður í samræðum og tjáningu á enskri tungu. Prófað er munnlega úr innihaldi styttri skáldsagna. Mikil áhersla er lögð á málfræði. Farið er yfir grunnþætti enskrar málfræði og hún tengd öðrum þáttum í kennslu eins og ritun og lestri texta.

**Markmið:** Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:
- Almennum orðaforða sem tengist efni áfangans
- Grundvallarþáttum málfræðinnar
- Notkun hjálpargagna svo sem rafrænna orðabóka og leiðréttingarforrita
- Almennum framburðarreglum
- Formgerð og byggingu texta og mismuninum á töluðu og rituðu máli

**Leikniviðmið** – Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:
- Tjá sig munnlega og skriflega
- Skrifa einfaldan texta um efni sem hann hefur þekkingu eða áhuga á
- Lesa mismunandi texta
- Taka þátt í einföldum samræðum
- Nota stafrænar orðabækur, upplýsingatækni og nauðsynleg hjálpargögn

**Hæfniviðmið** - Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:
- Beita grundvallaratriðum enskrar málfræði í ritun og tali
- Afla sér upplýsinga á fjölbreyttan hátt um mismunandi málefni
- Gera greinarmun á mismunandi málnotkun eftir aðstæðum, þróa með sér aga og skipulögð vinnubrögð

**Námsgögn:** *English for ENSK1UP05* (fæst á skrifstofu VMA)

**Áætlun um yfirferð og fyrirlögn námsmatsþátta:**

| Tímabil (vikunúmer / lotunúmer | Námsefni (verklegt og bóklegt) | Heimavinna/verkefni | Vægi námsmatsþátta |
|---|---|---|---|
| **Lota 1**<br>**vikur 33 - 37** | **Kynning** áfanga og námsáætlunar.<br>Kaflar 1-4 unnir | Eftir því sem kennari leggur fyrir hverju sinni.<br>Ritunarverkefni 1 og 2 | Ritunarverkefni 1 (5%)<br>Orðaforða- og Málfræðiverkefni 1 (10%)<br>Ritunarverkefni 2 (5%) |
| **Lota 2**<br>**vikur 38 – 42**<br><br>**Vika 41 er þemavika** | Ýmis verkefni sem tilheyra köflum 1-4, orðaforði og málfræði. | Eftir því sem kennari leggur fyrir hverju sinni. | Kaflapróf 1 (20%)<br>Þemaverkefni (10%)<br>Orðaforða- og Málfræðiverkefni 2 (10%) |

# ENSK1UP05
# Námsáætlun haust 2022

Verkmenntaskólinn á Akureyri

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Lota 3**<br>**vikur 43-47** | Kaflar 5-8 unnir | Eftir því sem kennari leggur fyrir hverju sinni. | Kaflapróf 2 (20%)<br>Orðaforða- og Málfræðiverkefni 3 (10%) |
| **Lota 4**<br>**vikur 48-49** | Unnið að því að klára það efni sem eftir er. | Eftir því sem kennari leggur fyrir hverju sinni. | Orðaforða- og málfræði verkefni 4 (10%) |

**Námsmat og vægi námsmatsþátta:**

**Matsform:** ■ **Símat** **Lokapróf/valið lokapróf** ☐ **Lokaverkefni**

| **Námsmatsþættir** | **Lýsing námsmatsþáttar** | **Vægi** |
|---|---|---|
| **Kaflapróf** | Tvö kaflapróf sem gilda 20% hvort | 40% |
| **Málfræði og orðaforði** | Fjögur verkefni verða unnin á önninni, orðaforði og málfræði úr 2 köflum í senn sem gilda 10% hvert | 40% |
| **Ritun bundin** | Ritunarverkefni með efni að vali kennara | 5% |
| **Ritun frjáls** | Ritunarverkefni með efni að vali nemenda | 5% |
| **Þema** | Unnið með Heimsmarkmið númer 1, 2, og 6 og hópverkefni unnið | 10% |
| | **Samtals:** | **100%** |

**Einkunnir fyrir hvern námsmatsþátt eru birtar í INNU á því formi sem best hentar.**

Nemendum ber að skila öllum verkefnum sem sett eru fyrir og halda sig innan þeirra marka sem kveðið er á um mætingu. Skilafrestur rennur út á miðnætti á skiladegi nema annað sé tekið fram. Skilafrestur verður ekki framlengdur. Nái nemandi ekki að skila á réttum tíma þá lækkar einkunn um hálfan (0,5) næstu fimm virka daga. Eftir það eru skil ekki heimil. Lágmarkseinkunn í áfanganum er 5 (þ.e. 45% til 54% markmiða náð).

**Dagsetning: 17.08.2022**

**Undirritun kennara** **Undirritun brautarstj., fagstj. eða staðgengils**